



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Embracing Our Vision Designing Our Future

Frá orðum til athafna

Ágætu formenn.

Tíminn flýgur áfram, allar deildir eru komnar á fullt skrið og farnar að huga að jólafundunum. Aðventan um næstu helgi, það er mjög sérkennilegt hvernig október og nóvember æða áfram. Þeir líða hraðar en aðrir mánuðir, einhverra hluta vegna. En ekkert mas heldur frá orðum til athafna og umhugsunar. Hér á eftir er það mikilvægasta í stuttu máli.

Frá höfuðstöðvunum er þetta helst.

Umsóknarfrestur til að sækja um í Golden Gift Fund rennur út 1. desember.

Því bið ég ykkur til að senda póst til ykkar deildarkvenna og hvetja þær til að kynna sér málið. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á netsíðu okkar og einnig á síðu alþjóðasamtakanna. Það skiptir máli að fylgjast með því sem okkur stendur til boða á alþjóðavettvangi.

ATH. Þær konur sem starfað hafa í DKG innan við 5 ár, eru hvattar til að búa til smá myndband, einnar mínútu langt. Þar eiga þær að skýra frá, hvers vegna þær velja að starfa innan samtakanna og hvað samtökin gera fyrir þær. Myndböndin verða sýnd í New York í sumar, þau þurfa að berast til forseta alþjóðasamtakanna Jensi P. Souders Ed.D. eftir **1. janúar**.

Nú ættu allir gjaldkerar að hafa skilað félagsgjöldunum til Guðbjargar Sveinsdóttur gjaldkera landssambandsins, gott að formenn fylgist með því.

Mikilvægar dagsetningar: 2011 – 2012 til að setja inn í dagatalið.

Vorþing DKG verður haldið laugardaginn **28. apríl** í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík. Dagskráin verður auglýst síðar. Fagleg dagskrá þingsins er í umsjá menntamálanefndar og stjórnar landssambandsins, formaður menntamálanefndar er Kristín Jóhannesdóttir Alfa-deild.

24.- 28. júlí. Alþjóðþing DKG verður haldið í New York City. Hótelbókanir hefjast 1. desember og hvet ég ykkur formenn að fjölmenna ásamt ykkar deildarkonum. Það veður til dæmis spennandi að hlusta á opnunarræðuna sem Tori Murden McClure forseti Spalding University in Louisville Kentucky flytur, en hún er rithöfundur, sjóari með meiru og ku vera frábær ræðumaður. Fundurinn verður haldinn á Sheraton New York Hotel and Towers. Það verður örugglega fríður hópur kvenna sem leggur

leið sína til New York og gaman vera ein af þeim. FJÖLMENNUM og bókum sem fyrst. Byrjum strax að leggja til hliðar skotslifur og kanna styrki.

Heimilisföng og netföng félagskvenna þarf að yfirfara árlega og bið ég ykkur að sjá til þess að þau séu rétt og yfirfarin á netinu. Formaður Félags og útbreiðslunefndar Elínborg Sigurðardóttir Epsilon deild sér um þann hluta og endilega hafið samband við hana elinborg@skolasud.is.

Fréttir frá deildum: Verið í góðu sambandi við Eygló Björnsdóttur í Beta deild netstjóra hún setur inn allar fréttir. eyglob@unak.is. Það er alltaf gaman að fá fréttir og fylgjast með öðrum deildum. Endilega munið að setja inn myndir frá jólafundinum. Hvetjið ykkar konur til að fara sem oftast inn á netið.

Til umhugsunar:

Samtökin gefa út blað, Bulletin, Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir situr í ritstjórn þess. Í síðasta tölublaði var viðtal sem hún átti við Þuríði Kristjánsdóttur fyrsta formann landssambandsins. Ef þið viljið koma ykkar konum að með greinar verið þá endilega í sambandi við Sigrúnu Klöru í Alfa deild. Einnig er mikilvægt að senda inn fréttir á Evrópuvefinn okkar Euforia.

Einnig minni ég ykkur á að vera í sambandi við Láru Guðmundsdóttur í Beta deild en hún er formaður samskipta og útgáfunefndar. larag@ismennt.is. Hún sér um fréttabréfið okkar.

Kæru formenn.

Þegar aðventan er á næsta leiti og jólahjósinn farinn að veita birtu og yl í hús og hjörtu mannfólksins, er gott að staldra við kveikja á kertaljósi og hugsa um það fallega og góða sem árið hefur gefið.

Mig langar að þakka ykkur fyrir þann stuðning og traust sem þið sýnduð mér, með því að velja mig forseta ykkar til næstu tveggja ára, og mun reyna að standa mig í því hlutverki.

Ég óska ykkur öllum, ykkar fjölskyldum og ykkar deildarkonum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári og hlakka til að hitta ykkur hressar á nýja árinu.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir
forseti landssambandsins.